



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 14. september 2017

Niðurstöður athugunar á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Íslandsbanka hf. (Ergo).

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Íslandsbanka hf. (Ergo) í janúar 2017.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verðmat Íslandsbanka hf. á lausafjármunum í kjölfar vörslusviptingar væri í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Kannað var hvort viðskiptavinir njóti góðs af því þegar lausafjármunur er seldur á hærra verði en matsverð samkvæmt uppgjöri hljóðar upp á, með tilliti til 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitið skoðaði viðeigandi verkferla hjá bankanum og tók úrtak kaupleigusamninga vegna einstaklinga sem fengu uppgjörssreikninga í kjölfar vörslusviptinga á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júlí 2017 og eru þær byggðar á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram. Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að í tveimur tilvikum í úrtaki Fjármálaeftirlitsins leið langur tími frá því að bankinn tók bifreið í sína vörslu þar til að viðskiptavininn var send tilkynning um það verð sem bankinn mat bifreiðina á.

Einnig voru settar fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið telur að betur megi fara